



ALMENN RÁÐGJÖF



FASTEIGNASALA



SLYSA- OG BÓTAMÁL

Verkefnastjórn rammaáætlunar

Stefán Gísalson

Selfossi 20. apríl 2016

Efni: Umsögn landeigenda Úthlíðar og Stekkholts, um drög að lokaskýrslu Verkefnastjórnar 3. áfanga verndar og orkunýtingaráætlunar.

Eigendur jarðanna, Úthlíðar I, og II, og Stekkholts mæla eindregið með því að Hagavatnsvirkjun verði færð úr biðflokki í nýtingarflokk í Rammaáætlun.

Landeigendur telja að með virkjun Farsins, sem rennur úr Hagavatni í Sandvatn, megi slá tvær flugur í einu höggi, sökkva gamla botni Hagavatns með tilheyrandi uppblástursvæði á kaf, og byggja um 20 MW græna orkuvirkjun.

Nú liggja fyrir drög að lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar, dags. 31. mars 2016. Í drögunum bendir verkefnastjórnin á nokkur atriði sem urðu til þess að Hagavatnsvirkjun lendir í biðflokki.

Landeigendur hafa farið yfir drögin og í umsögn þessari eru gerðar nokkrar athugasemdir við þá niðurstöðu sem þar kemur fram.

Það kemur verulega á óvart að í umfjöllun og rökstuðningi verkefnastjórnar um Hagavatnsvirkjun í umræddum drögum að lokaskýrslu Verkefnastjórnar 3, að ekki skuli tekið tillit til samfélagslegra né efnahagslegra þátta er varðar þennan virkjunarkost, sérstaklega í ljósi þess að landið er í stórum hluta í einkaeign landeigenda Úthlíðar, en þeir hafa lagt ríka áherslu á í málfutningi sínum fyrir verkefninu, mikilvægi umhverfis- og samfélagslegra þátta.

Rök verkefnisstjórnarinnar fyrir flokkun Hagavatnsvirkjunar í biðflokk eru eftirfarandi:

1. Lág meðaltöl áhrifaeinkunna
2. Mjög mikill breytileiki í einkunnum fyrir einstök viðföng – mjög háar og mjög lágar einkunnir
3. Mjög verðmæt ummerki um hörfunarsögu jökuls
4. Miklir framtíðarmöguleikar fyrir útivist

5. Mannvirkjagerð á svæði sem er óbyggt víðerni skv. skilgreiningu laga um náttúruvernd
6. Hugsanleg samlegðaráhrif með Búðartunguvirkjun

Landeigendur mótmæla því að þessi rök eigi við, og benda á eftirfarandi:

1. Það kemur ekki á óvart að einkunnir fyrir lífríki, vistkerfi, jarðveg og menningarminjar séu hlutfallslega lágar fyrir Hagavatnssvæðið. Fyrir liggur að svæðið er hrjóstrugt, gróður er af skornum skammti og lífríki almennt fábreytt enda öll framvinda skammt á veg komin. Hins vegar er því mótmælt að þessar lágu einkunnir leiði til þess að setja eigi virkjunarkostinn í biðflokk. Þvert á móti ýtir lágt meðaltal áhrifaeinkunna undir rök fyrir því að setja virkjunina í nýtingarflokk, sbr niðurstöðu faghópa.
2. Rétt er að benda á að á svæðinu eru tvær háspennulínur, en ekki ein eins og fram kemur hjá verkefnastjórn. Þá er heldur ekki rétt sem kemur fram í drögunum, að fyrirhuguð Hagavatnsvirkjun sé inni á svæði sem skilgreint er sem óbyggt víðerni. Landeigendur mótmæla því að bújörðin Úthlíð, sem er ein heild með einu landamerkjabréfi, geti flokkast með ósnortnum víðernum, enda fær það ekki staðist í ljósi þeirra mannvirkja sem eru á svæðinu. Því er mótmælt að hörfunarsögu jökulsins sé einstök, hana má víða finna annarsstaðar og ósannað er að hún spillist þó vatnið sé hækkað í sitt fyrra horf.
3. Svæðið ber að sjálfsögðu skýr merki hörfunar Hagafellsjökla (Eystri og Vestari) á 19. og 20. öld. Slíka sögu um hopun jökla má víða sjá á Íslandi þar sem hörfun jökla hefur verið áberandi síðastliðna áratugi. Saga svæðisins er að því leiti sérstök að við hörfun jöklanna að útfall Hagavatns varð skyndilega lægra og það lækkaði í vatninu með tilheyrandi flóði í Hvítá. Hörfunarsaga Hagafellsjökla er hinsvegar ekki einstakt fyrirbæri hvað varðar hopun jökla hér á landi. Landeigendur telja að jafnvel þó vatnið fari í upprunalegt horf, þá spillist þessi saga ekki.
4. Landeigendur telja að svæðið við Hagavatn búi yfir miklum framtíðarmöguleikum fyrir útivist. Þeir telja hinsvegar að möguleykar til að njóta svæðisins stóraukist við virkjunina. Áður en línuvegurinn var lagður, og svo í framhaldinu slóði með fram vatninu að norðan, fór þarna ekki nokkur maður, en nú hefur það stóraukist.

Árið 2008 kom út rannsókn vegna áhrifa fyrirhugaðrar Hagavatnsvirkjunar á ferðamennsku og útivist¹. Þar kom meðal annars

¹ Ferðamálasetur Íslands, 2008: Áhrif uppistöðulóns og virkjunar við hagavatn á ferðamennsku og útivist.

fram að svæðið sé lítið notað og aðgengi að svæðinu er ekki að nýtast öllum þeim ferðamönnum sem þangað vilja koma, sbr. ferðamönnum á minni bílaleigubílum sem er stærsti hluti ferðamanna hér á landi. Í rannsókninni kom einnig eftirfarandi fram hjá ferðaþjónustuaðilum:

„Bæði heimamenn og þeir sem eru búsettir utan svæðisins telja að meginávinningur framkvæmdanna fyrir ferðaþjónustuna og útivist yrði bættir vegir og bætt aðgengi að svæðinu. Að öðru leyti sjá heimamenn mun meiri ávinning í fyrirhugaðri framkvæmd en þeir sem ekki búa á svæðinu (bls. 21).“

Að auki er í rannsókninni bent á að meginávinningur fyrirhugaðra framkvæmda sé meiri dreifing ferðamanna um uppsveitirnar, að fjölbreyttari hópar myndu sækja á Hagavatnssvæðið og að atvinnusköpun yrði meðan á framkvæmdum stendur. Þrátt fyrir fyrirhugaða virkjun er ljóst að svæðið mun áfram búa yfir miklum framtíðarmöguleikum fyrir útivist. Rökin fyrir því eru að með virkjun batnar aðgengi að svæðinu auk þess sem uppbygging innviða og þjónustu verður auðveldari.

Landeigendur benda hér einnig á stjórnarskrávarinn eignarrétt sinn til að nýta jörð sína í atvinnuskyni. Verkefnastjórn verður að horfa til þess og gæta meðalhófs í ákvörðunum sínum. Meðalhófsregla stjórnsýsluréttar á ætíð við í lögskiptum stjórnvalda við borgarana.

Samstaða er um málið í heimabyggð, og hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar ályktað um málið á þann veg að óskað er eftir því að virkjunin verði sett í nýtingarflokk. Á sama veg hafa samtök sveitarfélaga á Suðurlandi ályktað. Enginn ástæða er því til að setja virkjunina í biðflokk vegna áhrifa á ferðamennsku.

5. Í ljósi þess sem fyrr var rakið þá er ljóst að fyrirhuguð Hagavatnsvirkjun og mannvirki henni tengd eru ekki á svæði sem flokkast sem óbyggð víðerni skv. skilgreiningu laga um náttúruvernd. Ekki eru því rök fyrir því að Hagavatnsvirkjun sé sett í biðflokk rammaáætlunar á grundvelli þessarar skilgreiningar.
6. Landeigndur mótmæla því algerlega að hugsanleg samlegðaráhrif með Búðartunguvirkjun, eins og þeim er lýst í drögum verkefnastjórnar séu rök fyrir því að Hagavatnsvirkjun sé sett í biðflokk rammaáætlunar. Sé lítið þessara tveggja virkjunarkosta þá hefur Búðartunguvirkjun engin áhrif á Hagavatnsvirkjun með tilliti til hagkvæmni eða rekstrarlegra þátta. Hagavatnsvirkjun er algjörlega óháð hugsanlegri byggingu Búðartunguvirkjunar og myndi ekki njóta neinnar rekstrarlegrar samlegðar með henni. Hvort ráðist verði í framkvæmdir við Búðartunguvirkjun eða ekki hefur því engin áhrif hagkvæmni eða rekstur Hagavatnsvirkjunar.

7. Það er verulegur ágalli á drögum að niðurstöðu verkefnastjórnar rammaáætlunar, að ekki sé tekið tillit til samfélagslegra né efnahagslegra þátta af verkefninu.

„Í lögum um rammaáætlun segir m.a. „Í verndar- og orkunýtingaráætlun skal í samræmi við markmið laga þessara lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar.“

Það hvílir því lagaskylda á verkefnastjórninni til þess að allir þættir sjálfbærrar þróunar séu metnir sem eru efnahagur, samfélag og umhverfi.

Landeigendur telja að samkvæmt fyrirbyggjandi rannsóknum og umsögnum, þá séu efnahagsleg áhrif af framkvæmdinni jákvæð, og endurheimt votlendis á svæðinu, með tilheyrandi kolefnisbindingu, séu samfélaginu gríðarlega mikilvæg.

Landeigendur telja að með því ná vatninu í sömu stærð og það var, fyrir um 100 árum, sé besta leiðin til uppgræðslu og landbóta á þessu svæði.

Gert er ráð fyrir að verkefnið muni hafa mjög jákvæð áhrif á atvinnulíf og verkefnastöðu í Bláskógabyggð. Landeigendur telja að framkvæmdin hafi mjög jákvæð áhrif á framtíðarmöguleika á aukinni ferðaþjónustu á svæðinu.

Virðingarfyllt

f.h. eigenda Úthlíðar I, II, og Stekkholts



Ólafur Björnsson hrl